



# Sveitarstjórn

## Samþykkt fyrir fræðslunefnd

### I. Kafi

#### Umboð og hlutverk

##### 1.gr.

Fræðslunefnd grunn-, leik- og tónlistarskóla Vopnafjarðar [hér eftir fræðslunefnd skólamála] er skipuð af sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps og fer hún í umboði sveitarstjórnar með þau skólamál sveitarfélagsins sem henni eru falin eins og nánar er kveðið á um í erindisbréfi þessu.

##### 2.gr.

Fræðslunefnd er skipuð fimm fulltrúum og fimm til vara. Kjörtímabil fulltrúa miðast við kosningar til sveitarstjórnar. Á fyrsta fundi nefndarinnar fer fram kjör formanns, varaformanns og ritara.

##### 3.gr.

Fræðslunefndin fer í umboði sveitarstjórnar Vopnafjarðarhrepps með yfirstjórn skólamála í sveitarfélaginu og er stefnumótandi um skólahlald fyrir börn og unglinga á skólaaldri í Vopnafjarðarhreppi. Sveitarstjórn getur ennfremur falið fræðslunefnd önnur verkefni á sviði uppeldis- og menntamála.

##### 4.gr.

Fræðslunefnd skal sjá um að öll börn í skólaumhverfinu njóti lögboðinnar fræðslu. Ber fræðslunefnd að sjá um að grunnskólinn lagi starf sitt að þroska og getu allra nemenda sinna þannig að hver nemandi fái kennslu við hæfi og í samræmi við gildandi námskrá á hverjum tíma.

Fræðslunefnd skal stuðla að góðum tengslum og samstarfi grunnskóla við leikskóla og við framhaldsskóla.

Fræðslunefnd fylgist með og stuðlar að því að skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðipjónustu í samræmi við lög og reglugerðir sbr. 42. gr. og 43. Laga nr. 66/1995.

Fræðslunefnd sér um að jafnan sé fyrir hendi fullnægjandi húsnæði og annar útbúnaður. Skólanefnd, ásamt skólustjórum, lítur eftir að uppfylltar séu kröfur laga og reglugerða á þessu sviði og gerir tillögur til sveitarstjórna um úrbætur sé þess þörf.

### **5.gr.**

Fræðslunefnd setur fram ef ástæða er til ábendingar um ný rekstrar- og framkvæmdarverkefni á sínu sviði fyrir lok október ár hvert og skal fá til umsagnar við gerð fjárhagsáætlunar tillögur um allar stærri framkvæmdir sem tengjast hennar verksviði.

### **6.gr.**

Ákvarðanir fræðslunefndar skólamála Vopnafjarðar taka formlega gildi við staðfestingu sveitarstjórnar. Nefndin skal vinna á grundvelli starfsmannastefnu sveitarfélagsins og þeirra almennu markmiða sem sveitarstjórn setur hverju sinni.

## **II. Kafli**

### **Starfsmenn, fundir og starfshættir**

#### **7.gr.**

Formaður fræðslunefndar undirbýr fundi nefndarinnar og boðar til fundar. Nefndin heldur fundi þegar verkefni liggja fyrir en þó eigi sjaldnar en fjórum sinnum á starfsári skólanna. Skylt er að boða til fundar ef meirihluti aðalmanna í nefndinni æskir þess.

#### **8.gr.**

Til fundar telst löglega boðað hafi allir nefndarmenn eða varamenn í forföllum aðalmanna svo og aðrir sem seturétt eiga á fundinum verið boðaðir með a. m. k. tveggja sólarhringa fyrirvara og þeim jafnframt greint frá dagskrá fundarins. Að jafnaði skal boðað til funda með skriflegu fundarboði og því skal fylgja afrit þeirra erinda sem til umfjöllunar eru. Komi upp mál sem krefst skjótrar úrlausnar fræðslunefndar getur fyrirvari um fundarboðun verið skemmri.

#### **9.gr.**

Fræðslunefnd getur enga samþykkt eða ályktun gert nema meirihluti hennar sitji fund. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum. Nefndarmaður hefur ekki atkvæðisrétt um mál sem varða hann sjálfan eða náði skyldmenni hans og skal hann í slíkum tilvikum víkja af fundi. Um hæfi nefndarmanna fer eftir ákvæðum 19.gr. sveitarstjórnarlaga. Þeir sem sitja fundi skólanefndar skulu gæta fylsta trúnaðar um þau einkamál er rædd kunna að vera á fundum. Þagnarskylda helst þó látið sé af störfum.

#### **10.gr.**

Rita skal fundargerðir nefndarinnar í sérstaka fundargerðarbók eða tölvuskra þær skv. gildandi reglum sem sveitarstjórn setur. Í fundargerð skal skrá hvar og hvenær fundir eru haldnir og hvenær þeim er slitið. Allar tillögur sem fram eru bornar skulu skráðar svo og samþykktir og ályktanir skólanefndar og skulu allir viðstaddir undirrita fundargerðina. Fundargerðarbók, afrit af skýrslum, sendibréfum og skjölum fræðslunefndar, lög, reglugerðir er varða nefndina svo og erindisbréf skulu vera tiltæk á öruggum stað í á skrifstofu Vopnafjarðarhrepps. Formaður skal sjá um að afrit af fundargerðum fræðslunefndar séu send nefndarmönnum, varamönnum, sveitarstjórn og þeim sem hafa seturétt á fundum nefndarinnar.

### **11.gr.**

Rétt til setu á fundum fræðslunefndar með málfrelsi og tillögurétt eiga eftirtaldir:

- a) Skólastjóri hlutaðeigandi skóla og í forföllum aðstoðarskólastjóri viðkomandi skóla.
- b) Fulltrúi kennara kosinn af kennurum úr hópi fastra kennara.
- c) Heimilt að velja einn fulltrúa foreldra, kosinn af samtökum foreldra.

## **III. Kafi**

### **Markmið og verkaskipting**

#### **12.gr.**

Fræðslunefnd skal kosta kapps um að skólahald í Vopnafjarðarhreppi sé til fyrirmyndar og tryggja nauðsynlega samvinnu skóla til að ná því markmiði.

Fræðslunefnd skal sjá um að grunnskólinn lagi starf sitt að þroska og getu allra nemenda sinna þannig að hver nemandi fái kennslu við hæfi og í samræmi við gildandi námskrá á hverjum tíma. Nemendur verði áþreifanlega varir við að velferð þeirra sé í fyrirrúmi, nemendavernd sé öflug og að námsumhverfi nemenda sé hvetjandi.

Til að efla skólastarf ber fræðslunefnd að fylgjast með því að aðbúnaður kennara og annarra starfsmanna sé sem bestur og að framtak starfsmanna sé metið að verðleikum.

Fræðslunefnd skal fylgjast með því að hugað sé að símenntun alls starfsfólks, hvatt sé til þess að vel menntaðir kennarar ráðist til starfa og að leiðbeinendur hafi tök á að öðlast kennsluréttindi í fjarnámi og staðbundnu námi.

#### **13.gr.**

Skólastjórnendur grunnskólans skulu beita sér fyrir góðu samstarfi foreldra og skóla. Þess sé gætt að foreldrar séu virkir þátttakendur og að ábyrgð þeirra komi fram í námsvali barna sinna og áhrifum á skólahald.

Skólastjórnendur skulu hafa forystu um að efla mat á öllu skólastarfi og kalla til þess kennara og annað starfsfólk.

Skólastjórnendur í samvinnu við fræðslunefnd hafi frumkvæði að því að nútímalegum stjórnunarháttum sé beitt við skólastjórnun, að skólarnir lagi sig að síbreytilegum áherslum og staðháttum sem skapa nemendum forsendur til að takast á við ögrandi verkefni og tryggar undirstöður undir framhaldsnám.

Grunnskóli Vopnafjarðar skal leggja ríka áherslu á upplýsingatækni í öllu skólastarfi og að endurmenntun kennara beinist m. a. að því að þeir öðlist undirstöðuþekkingu í upplýsingafræðum og tölvunotkun.

#### **14.gr.**

Nefndin skal leitast við að ná því grundvallarmarkmiði að tryggja að ákvarðanir hennar og vinna skuli fyrst og fremst vera í þágu allra íbúa sveitarfélagsins sem leggur þær skyldur á herðar fulltrúum í nefndinni að setja ávallt almannahagsmuni ofar sérhagsmunum hvort heldur er sínum eigin eða einstakra hópa.

### **IV. Kafi**

#### **Nemendur og skólasókn**

#### **15.gr.**

Skólastjóri sér um inntöku í viðkomandi skóla og skal um það hafa samráð við skólanefnd. Skólastjórnendum ber að hafa skrá yfir alla skólaskylda nemendur í sveitarfélaginu og aðgang að námsferilsskrá þeirra sem varðveitt er í viðkomandi skóla.

#### **16.gr.**

Verði verulegur misbrestur á skólasókn skólaskylds barns ber skólastjóra að gera fræðslunefnd viðvart. Fræðslunefnd skal leysa úr vandamálum sem skólastjóri vísar til nefndarinnar er varða skólasókn einstakra barna á skólaskyldualdri. Fræðslunefnd getur vísað slíkum málum til menntamálaráðuneytis til úrskurðar finnst ekki viðundandi úrræði.

#### **17.gr.**

Fræðslunefnd fær skólanámskrá til umsagnar ár hvert. Skólanámskrá er samin af kennurum og er starfsáætlun skólans. Í henni er tekið mið af sérstöðu skóla og kveðið m. a. á um skipulagningu skólastarfs, kennsluskipan, markmiðum og leiðum í skólastarfi, námsmati og skólareglum, þátt forráðamanna og samskipti skóla og heimilis, ábyrgð nemenda og forráðamanna nemenda og skóla, heilsugæslu og félagslíf og annað er varðar starfsemi skólans.

#### **18.gr.**

Þegar nemandi á skólaskyldualdri flytur í annað skólahverfi skal tilkynna það viðkomandi skólum og skólanefndum. Jafnframt ber ofangreindum aðilum að veita þeim skóla er tekur við nemandanum sem bestar upplýsingar um nám hans og þroska og þær ástæður sem til þess liggja að hann skipti um skólahverfi. Farið skal með allar slíkar upplýsingar sem trúnaðarmál.

#### **19.gr.**

Skólastjóri getur vísað nemanda úr skóla um stundarsakir vegna slæmrar hegðunar enda tilkynni hann forráðamönnum nemanda og fræðslunefnd tafarlaust þá ákvörðun. Fræðslunefnd og skólastjóri taka þá málið til meðferðar í samráði við sérfræðipjónustu. Takist ekki að leysa málið innan skólans þannig að allir aðilar þess verði sáttir geta bæði forráðamenn og fræðslunefnd vísað til menntamálaráðuneytis sem leitar úrlausnar.

#### **20.gr.**

Þegar nemandi í leikskóla hefur nám á skólaskyldualdri ber leikskólanum að veita þeim skóla er tekur við nemandanum sem bestar upplýsingar um líðan hans og þroska. Leita skal samþykkis forráðamanna barns þegar um slíkar upplýsingar er að ræða og skal fara með þær sem trúnaðarmál.

## **V. Kafi**

### **Starfsfólk grunnskóla**

#### **21.gr.**

Sveitararstjóri Vopnafjarðarhrepps auglýsir stöðu skólastjóra í samráði við fræðslunefnd og sveitarstjórn og tekur við umsóknum. Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps ræður skólastjóra að fenginni umsögn fræðslunefndar. Sveitarstjórn ræður aðstoðarskólastjóra að fenginni tillögu viðkomandi skólastjóra og umsögn fræðslunefndar. Semja skal sérstaka starfslýsingu fyrir hvern yfirstjórnanda skólanna.

#### **22.gr.**

Ef staða losnar við skóla eða þörf er á viðbótarstarfsmanni gerir skólastjóri viðeigandi ráðstafanir í samráði við fræðslunefnd. Skólastjóri annast í samráði við fræðslunefnd, ráðningu kennara og annarra starfsmanna skólans. Sérhverjum umsækjenda skal tilkynnt svo fljótt sem auðið er hvaða afgreiðslu umsókn hans fékk. Við ráðningar skólastjóra, aðstoðarskólastjóra og kennara skal gæta ákvæða gildandi laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum. Stefnt skal að því að ráða í stöður skólastjóra, aðstoðarskólastjóra og kennara fyrir 01. maí ár hvert.

#### **23.gr.**

Láti skólastjóri, kennari eða annar fastur starfsmaður grunnskóla af störfum sökum aldurs eða að eigin ósk skal hann tilkynna það skriflega til skólastjóra með eigi skemmri fyrirvara en uppsagnafresti nemur og helst fyrir 01. febrúar svo og þeir kennarar sem æskja leyfis frá störfum.

#### **24.gr.**

Fyrir lok kennslutíma ár hvert skal skólastjóri kynna sér hvort lausráðnir starfsmenn hafa hug á að vera áfram í stöðum sínum. Fræðslunefnd skal fylgja því eftir að frá ráðningum starfsmanna verði gengið hjá skólastjóra. Telji skólastjóri rétt að auglýsa stöðu sem ekki er fastráðið í ber að tilkynna viðkomandi starfsmanni það eigi síðar en 01. maí. Stundakennarar eru aðeins ráðnir frá ári til árs.

## **VI. Kafi**

### **Meðferð ágreiningsmála**

#### **25.gr.**

Komi upp ágreiningur milli skólastjóra og annarra starfsmanna skóla getur hvor aðili um sig vísað málinu til fræðslunefndar sem leitar lausnar. Úrskurður skólastjóra skal gilda þar til samkomulag hefur orðið um annað. Takist ekki að finna viðunandi lausn skal vísa málinu til menntamálaráðuneytis. Ágreiningi milli skólastjóra og fræðslunefndar skal vísa til sveitarstjórnar eða menntamálaráðuneytis eftir eðli málsins. Telji skólastjóri að starfsmaður skóla hafi gerst brotlegur í starfi skal hann afhenda viðkomandi skriflega áminningu í samráði við fræðslunefnd. Telji forráðamaður barns að skólastjóri eða annar starfsmaður skóla hafi gerst brotlegur geta þeir vísað málinu til sveitarstjóra til úrlausnar.

## VII. Kafi

### Starfstími grunnskóla og innra starf

#### 26.gr.

Starfstími nemenda í grunnskóla skal á hverju skólaári vera níu mánuðir. Með hliðsjón af atvinnuháttum getur fræðslunefnd sótt um tímabundna undaþágu frá fyrirnefndu ákvæði til menntamálaráðherra.

#### 27.gr.

Fræðslunefnd skal staðfesta áætlun um starfstíma skóla ár hvert og fylgjast með framkvæmd náms og kennslu í skólahverfinu. Fræðslunefnd hefur ekki bein afskipti af störfum kennara í skólanum, stundaskrá, námsefni eða verkaskiptingu milli kennara. Hún getur þó ef þörf krefur lagt til við sveitarstjórn að kennslumagn verði aukið umfram viðmiðunarstundaskrá.

#### 28.gr.

Fræðslunefnd getur gert tillögur til skólastjóra um umbætur í skólastarfi. Henni ber að fylgjast með störfum grunnskólans eftir föngum í samráði við skólastjóra og gera sveitarstjórn og menntamálaráðuneyti aðvart ef um alvarlegar misfellur er að ræða að hennar mati.

## VIII. Kafi

### Húsnæði og búnaður

#### 29.gr.

Fræðslunefnd í umboði sveitarstjórnar sér um að jafnan sé fyrir hendi fullnægjandi skólahúsnæði í skólahverfinu og kappkostar að það henti skólastarfinu sem best. Þá lítur fræðslunefndin eftir því að húsnæðið fullnægi þeim reglum um hollustuhætti sem heilbrigðisyfirvöld setja.

#### 30.gr.

Sé þörf á nýbyggingu, viðbyggingu eða gagngerum endurbótum á skóla gerir fræðslunefnd sveitarstjórn aðvart um það og leggur fram tillögur til úrbóta. Fræðslunefnd ber að leita umsagnar og álits skólastjóra um þessi atriði. Sveitarstjórn skal hafa samráð við fræðslunefnd um hönnun skólabygginga, þ. e. undirbúning, vinnu og áætlanagerð.

#### 31.gr.

Sveitarstjórn er heimilt að ráðstafa skólahúsnæði til æskulýðsstarfsemi eða skyldrar félagsstarfsemi svo fremi sem það raski ekki hefðbundnu skólastarfi. Þá getur sveitarstjórn heimilað að fenginni umsögn fræðslunefndar að skólahúsnæði sé notað til gistingar og veitingarekstrar utan venjulegs skólatíma.

#### 32.gr.

Fræðslunefnd gerir tillögu til sveitarstjórnar um nafngift skóla. Fræðslunefnd gerir, ef henni þykir ástæða til, tillögu til sveitarstjórnar um listskreytingu skólamannvirkja.

## **IX. Kafi**

### **Sérdeild og skólavistun**

#### **33.gr.**

Sérstakar reglur gilda um sérdeild í skólahverfinu og um skólavistun.

## **X. Kafi**

### **Fjármál og skýrslugerð**

#### **34.gr.**

Reikningsár skólanna miðast við almanaksár. Skólastjóri viðkomandi skólafstofnunar áritar reikninga vegna rekstrar og innkaupa skólans.

#### **35.gr.**

Skólastjórar skulu gera áætlun um rekstur skólanna í samráði við sveitarstjóra. Skólastjóri skal árlega gera áætlun um kennslustundafjölda og aðra kvóta og leggja fyrir fræðslunefnd.

## **XI. Kafi**

### **Heilbrigðisþjónusta**

#### **36.gr.**

Skólastjórar og fræðslunefnd skulu hafa samráð við heilsugæslustofnun um skipulagningu og fyrirkomulag heilsugæslu.

## **XII. Kafi**

### **Gildistaka**

#### **37. gr.**

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum, stjórnarsýslulögum nr. 37/1993 og sveitarstjórnarsamþykkt fyrir Vopnafjarðarhrepp.

---

Samþykkt í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps 2010.